

ÍSí hefur tekið saman nokkur lykilatriði sem varða áhorfendur að skotmótum. Þetta eru reglur sem öll skotfélög þurfa að fylgja.

- Allir gestir skulu vera skráðir, a.m.k. nafn, kennitala, símanúmer og sæti. Geyma þarf upplýsingar um áhorfendur í tvær vikur eftir viðburð vegna rakningar.

- Allir gestir skulu vera sitjandi í númeruðum sætum og ekki andspænis hvor öðrum. Númera skal sæti svo 1m er að lágmarki í næsta áhorfanda á alla kanta. Áhorfendur skulu sitja í því sæti sem þeim er úthlutað, ekki er leyfilegt að skipta á sætum.

-

Heimilt er að taka á móti allt að 200 sitjandi áhorfendum í númeruð sæti með 1 metra nálægðarmörkum.

- Áhorfendur skulu sitja í því sæti sem þeim er úthlutað á meðan á viðburði stendur.

- **Ath! Mögulega taka áhorfendasvæði/stúkur ekki 200 manns í sæti, nauðsynlegt að mæla út.**
- **Ef fleiri en eitt sötthólf þá þarf hvert hólf að vera með sérinngang og sér salerni.**
- **Áhorfendum er skylt að nota andlitsgrímu.**
- **Gríman á að hylja nef og munn.**
- **Þátttakendur á keppnissvæði mega ekki fara yfir á önnur svæði s.s. áhorfendasvæði.**